

## **21. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 6. september 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Ragna Halldórsdóttir Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

### **Starfsmannamál.**

Rætt um þörf fyrir starfsmann í hlutastarf hjá FENÚR, er gæti sinnt upplýsingaöflun og öðrum verkefnum sem framundan eru. Formanni og varaformanni falið að kanna málið.

### **Vinnuhópur LCA greiningar.**

Lögð var fram greinargerð til stjórnar FENÚR frá RH og IA og HJB, Línuhönnun, um verklag og kostnaðaráætlun vegna verkefnisins. Lagt til að aðilar greiði hver um sig sinn kostnað á móti þeim styrk sem fæst í verkefnið. Ef ekki fæst styrkur bera aðilar hver um sig sinn kostnað við gerð styrkumsóknar. Samþykkt að leggja fram umsókn til NORTEST um styrk til verkefnisins.

### **Starfshópar.**

Stjórn samþykkti að leggja fram eftirfarandi tillögu um sameiningu starfshópa í félaginu, með það að markmiði að gera félagsstarfið öflugra.

Hópur 1. Urðun, Brennsla og flutningar.

Hópur 2. Lífrænnúrgangur, úrgangsminnkun/endurvinnsla og spilliefni.

Hópur 3. Lagahópur.

Tillagan verður lögð fyrir fund ráðgjafastjórnar til umfjöllunar.

### **Heimasíða.**

Rætt um heimasíðu.

### **Hauststarfið.**

Enn liggur ekki fyrir tímasetning né dagskrá fundar ráðgjafastjórnar FENÚR, en stefnt er að því að ganga endanlega frá dagskránni á næsta stjórnarfundum. Hugmyndin er að reyna að tengja fundinn umfjöllun um umdeilda bók Björn Lomborg "Hið sanna ástand heimsins" sem haldin verður mánudaginn 25. september nk. á vegum Fiskifélags Íslands og Frjálsrar Verslunar á Grandhótel.

Fundi slitið 16:50

Næsti fundur 19. September kl. 12:00 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Á.R.